

Ábyrg notkun safnkosts á rafrænu formi

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veitir skilgreindum notendum aðgang að þúsundum rafrænna tímarita, rafbóka og gagnasafna sem ýmist eru í eigu safnsins eða keypt í áskrift. Skilgreindir notendur eru starfsmenn og stúdentar Háskóla Íslands og safngestir. Skilgreindir notendur tímarita, rafbóka og gagnasafna í Landsaðgangi eru allir einstaklingar með aðgang að tölvu með IP-tölu hjá íslenskum netveitum. Það er á ábyrgð einstakra notenda að tryggja að notkun þeirra samræmist skilmálum sem söluaðilar setja fram og það er á ábyrgð safnsins að upplýsa notendur um skilmálana. **Almennt gildir eftirfarandi um notkun rafræns safnkosts í eigu eða áskrift safnsins, þ.m.t. í Landsaðgangi en Landsbókasafn – Háskólabókasafn annast framkvæmd samninga vegna hans.**

Leyfilegt

- Skoða, hlaða niður, ljósrita, prenta og vista leitarniðurstöður
- Skoða, hlaða niður, ljósrita, prenta og vista einstakar greinar
- Nota efni í þágu fræðimennsku, kennslu, vísindarannsókna sem og til einkanota
- Deila efni með öðrum skilgreindum notendum
- Nota efni í kennslukerfi skóla og á kennsluvef námskeiðs. Þá skal vísa beint í greinarnar hjá útgefanda (ekki hlaða þeim niður á PDF eða öðru formi). Setja skal varanlegar krækjur í greinar hjá útgefanda (d. DOI númer, permalink, stable URL). Einnig má prenta út einstakar greinar sem hluta af námsefni.

Óleyfilegt

- Kerfisbundið niðurhal hvort heldur er vélrænt eða handvirkt
- Niðurhal eða prentun tölublaða eða árganga einstakra tímarita
- Notkun í viðskiptalegum tilgangi s.s. sala, endurdreifing eða endurútgáfa
- Veita óskilgreindum notendum aðgang

Ávallt skal vitna til heimildar í efni úr rafrænum söfnum.

Sérfræðingar í upplýsingaþjónustu Landsbókasafns – Háskólabókasafns veita frekari upplýsingar og aðstoð vegna rafræns efnis á leslistum námskeiða í Uglu og Moodle uppl@landsbokasafn.is